



## Akraneskaupstaður

Bæjarráð Akraneskaupstaðar  
Stíllholti 16-18  
300 Akranesi

Akranesi, 10. ágúst 2015  
1507087 JHF

**Efni:** Mál nr. 1507087 Ósk um samstarf um rannsóknarverkefni

Á fundum 17. og 18. fundi Velferðar- og mannréttindaráðs Akraneskaupstaðar, sem haldnir voru 22. og 27. júlí 2015, var fjallað um erindi Janusar Guðlaugssonar, PhD. á Íþróttá- og heilsubraut Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, um samstarf í tengslum við rannsóknarverkefni um áhrif heilsuræktar á heilsu eldri borgara. Eftirfarandi var bókað:

**17. fundur, 22. júlí 2015:**

*Janus Guðlaugsson, doktor í íþróttá- og heilsufræði við HÍ hefur óskað eftir samstarfi um rannsóknarverkefni um heilsuefingu meðal eldri borgara.*

*Ákveðið að óska eftir kynningu á verkefninu. Ráðið leggur til að fulltrúum Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og Höfða verði boðið að sitja kynninguna.*


**18. fundur, 27. júlí 2015:**

*Kynning Janusar Guðlaugssonar á rannsóknarverkefninu „Fjölbætt heilsurækt í sveitarfélögum - Leið að farsælli öldrun“.*

*Kjartan Kjartansson, framkvæmdastjóri hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða sat kynninguna. Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Janusi kynninguna. Ráðið er jákvætt fyrir þátttöku Akraneskaupstaðar í verkefninu og vísar ákvörðun um þátttöku til bæjarráðs. Sviðsstjóra falið að skrifa minnisblað fyrir bæjarráð.*

Meðfylgjandi er minnisblað um helstu forsendur verkefnisins, ásamt kynningarefni frá Janusi Guðlaugssyni.

Fyrir hönd Velferðar- og mannréttindaráðs



Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri.

Fylgiskjöl:

1. Minnisblað sviðsstjóra um forsendur verkefnisins.
2. Kynning Janusar Guðlaugssonar frá 27. júlí 2015